

Skattatíðindi KPMG

43. tbl. - júlí 2010

SKATTASVIÐ

Skattur af vaxtagreiðslum úr landi

Ríkisskattstjóri (RSK) hefur birt skattadílum til leiðbeiningar bréf sitt dagsett 6. maí 2010 (T-ákv. 10-003). Bréfið hefur að geyma túlkun RSK á ákvæði 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem kveðið er á um að aðilar heimilisfastir erlendis séu skattskyldir af vaxtatekjum sem þeir hafa hér á landi. RSK lætur í ljós það álit sitt að vextir sem myndast við kaup og sölu á íslenskum kröfum milli tveggja erlendra aðila, þ.e. aðila sem ekki bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu, séu ekki skattskyldir skv. 8. tölul. 3. gr. og þar af leiðandi beri ekki að halda eftir staðgreiðu skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í tilefni af bréfi þessu og með hagsmuni viðskiptavina í huga bar skattasvið KPMG undir RSK það álitamál hvort skattskyld séu á Íslandi afföll af kröfu á hendur íslenskum skuldara sem myndast í viðskiptum tveggja erlendra aðila, þ.e. í þeim tilvikum að hvorki kaupandi né seljandi kröfu er heimilisfastur á Íslandi eða starfrækir hér fasta starfsstöð. RSK svaraði um hæl að afföll við þær aðstæður væru ekki skattskyld hér á landi og því hvíldi ekki á íslenska skuldaranum skilaskylda í staðgreiðslu vegna affallanna.

Af þessum bréfum RSK má ráða að afstaða hans ræðst af því að tekjur sem í afföllum felast eigi ekki uppruna sinn á Íslandi, í þeim tilvikum að afföllin myndast í viðskiptum með kröfu milli erlendra aðila, þrátt fyrir að krafan sjálf eigi uppruna sinn á Íslandi.

Yfirfærsla einstaklingsrekstrar í ehf.

Snemma í júnímánuði skar yfirskattanevnd úr ágreiningi um yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag.

Maður sem um árábil hafði gert út handfærabát stofnaði í apríl 2006 einkahlutafélag til yfirtöku á rekstrinum frá upphafi þess árs. Helstu verðmæti rekstrarins voru áunnar aflaheimildir (krókaafhlutdeild). Á árinu 2005 hafði maðurinn ekki haldið bátnum til veiða heldur leigt út krókaaflamark hans. Um einum og hálfum mánuði eftir stofnun félagsins seldi maðurinn alla hluti sína í félaginu með talsverðum hagnaði. Í kaupsamningi um hlutina voru ákvæði er tryggðu manningum endurkaup bátsins án aflaheimilda við bókfærðu verði.

Skattstjóri taldi að yfirfærslan hefði einvörðungu verið gerð af skattaegum ástæðum en enginn rekstrarlegur tilgangur hefði búið að baki. Tiltók skattstjóri að enginn almennur rekstur hefði farið fram í félaginu, skammur tími

hefði liðið frá stofnun félagsins og þar til það var selt og að engin rekstraráætlun hefði legið fyrir. Með vísan til grunnreglu 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga leit skattstjóri framhjá yfirfærslunni í skattalegu tilliti og skattlagði hagnað mannsins af viðskiptunum sem rekstrarhagnað hans, en ekki sem fjármagnstekjur utan rekstrar.

Fyrir hönd mannsins kærði KPMG ákvörðun skattstjóra til yfirskattanevndar. Kæran var byggð á því að uppfyllt hefðu verið öll skilyrði 56. gr. tekjuskattslaga fyrir skattleysi yfirfærslunnar. Við stofnun félagsins hefðu ekki verið uppi önnur áform en að halda rekstri áfram, annað hvort með sjósókn eða útleigu krókaaflamarks. Tilboð í félagið hefði borið brátt að. Ástæða þess að ekki var róið á upphafsmánuðum ársins 2006 væri sú að handfæraveiðar væru stundaðar í björtu og því fyrst og fremst yfir vor- og sumarmánuði. Í því sambandi var vísað til gagna frá Fiskistofu um landanir afla.

Yfirskattanevnd vísaði til þess tilgangs með setningu 56. gr. tekjuskattslaga að gera einstaklingum í atvinnurekstri kleyft að breyta um rekstrarform án þess að til skattlagningar söluhagnaðar kæmi. Þótt í ákvæðinu væri þess ekki krafist að hinn yfirfærði rekstur þyrfti að vara um tiltekinn tíma í höndum einkahlutafélags yrði allt að einu að telja að

skilyrði 56. gr. væru ekki uppfyllt ef yfirfærsla rekstrar væri beinlínis liður í rekstrarlokum og sölu rekstrarins. Þótti yfirskattanefnd sem skattstjóri hefði ekki sýnt fram á að stofnun einkahlutfélagsins hefði verið liður í undirbúningi að rekstrarlokum mannsins. Þótt skammur tími hefði liðið frá stofnun félagsins til sölu þess yrði ekki dregin sú ályktun af þeirri staðreynd einni saman, án þess að fleira kæmi til, að ákvörðun mannsins um lok rekstrar og sölu hlutfjárins hefði legið fyrir við stofnun einkahlutfélagsins. Tiltók yfirskattanefnd að önnur atriði sem skattstjóri hefði vísað til, svo sem um umfang rekstrar einkahlutfélagsins og vöntun á rekstraráætlun, hefðu takmarkaða þýðingu í þessu sambandi, m.a. í ljósi flutnings aflaheimilda báts rekstrarins yfir á aðra báta í eigu kaupanda í kjölfar kaupa hans á hlutfénu. Hnekkti yfirskattanefnd hinni kærðu ákvörðun skattstjóra.

Skattalagabreytingar

Alþingi hefur samþykkt tvö stjórnarfrumvörp til breytinga á tekjuskattslögum. Breytingarnar eiga það sammerkt að vera tímabundin ívilnandi ákvæði fyrir skattgreiðendur.

Frádráttur vegna viðhalds húsnæðis

Lög nr. 92/2010 hafa að geyma heimild til frádráttar frá skattstofni manna vegna keyprtar vinnu við endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði. Breytingarnar fela í sér eftirfarandi:

Frádrátturinn tekur til tekjuskattstofna við álagningu gjalda 2011 og 2012 vegna vinnu sem unnin er á árunum 2010 og 2011. Frádrátturinn nemur 50% af greiðslum (að frádregnum virðisaukaskatti) fyrir vinnu. Frádráttur getur samanlagður á umræddum tveimur árum hæstur orðið 300.000 kr. hjá hjónum og öðru samsköttuðu fólki en 200.000 kr. hjá sérsköttuðu fólki. Í tilvikum samskattaðs fólks lækkar frádrátturinn tekjuskattstofn þess þeirra sem

hærrí hefur skattstofninn. Um er að ræða vinnu við endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði til eigin nota og íbúðarhúsnæði sem leigt er út án þess sú útleiga teljist atvinnurekstur. Frádrátturinn á sér hliðstæðu í endurgreiðslu virðisaukaskatts af sama tilefni. Endurspeglast það í því að framteljendur munu ekki þurfa að færa frádrátt á skattframtöl sín, því umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts er jafnframt umsókn um lækkan tekjuskattstofns.

Skattleysi eftirgefina skulda

Lög nr. 104/2010 hafa að geyma heimild til skattleysis skulda niðurfelldra á árunum 2009 - 2011 að vissum skilyrðum uppfylltum.

Skuldir manna utan rekstrar

Með breytingunni er ekki hróflað við því skattleysi eftirgefina skulda sem þegar er mælt fyrir um í tekjuskattslögum. Breytingunni er ætlað að taka við þar sem því skattleysi sleppir og eru reglurnar nú þessar:

Veðskuldir og skuldir vegna bílasamninga eftirgefnar á árunum 2009 - 2011 eru skattlausar allt að 15 milljónum króna hjá sérsköttuðu fólki og allt að 30 milljónum króna hjá samsköttuðu fólki. Nemi eftirgjöf veðskulda hærrí fjárhæð þá telst aðeins til tekna 50% af næstu eftirgefnu 15 milljónunum hjá sérsköttuðum og 30 milljónunum hjá samsköttuðum. Nemi eftirgjöf veðskulda enn hærrí fjárhæð telst til skattskyldra tekna 75% af eftirgjöf yfir 30 milljónum hjá sérsköttuðum en 60 milljónum hjá samsköttuðum. Heimilt er að fresta um tvö ár tekjufærslu þeirrar eftirgjafar sem teljast til skattskyldra tekna samkvæmt þessum reglum. Þá er heimilt að dreifa tekjufærslu með jöfnum fjárhæðum á næstu fimm árum frá og með eftirgjöf eða frá og með frestun hafi hún verið valin. Enn fremur er lögfest sérstök tímabundin ívilunarheimild eftir hlutlægu mati RSK á fjárhagsstöðu skuldara.

Rekstrarskuldir

Lögin hafa að geyma ákvæði um að skuldir rekstraraðila eftirgefnar vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika á árunum 2009 - 2011 skuli ekki að fullu teljast til skattskyldra tekna. Ákvæðin taka ekki til skulda milli móður- og dótturfélags nema um sé að ræða fjármálafyrirtæki sem yfirtekur félag til fullnustu á kröfu. Ákvæðin ná aðeins til skulda sem stofnað hefur verið til í beinum tengslum við atvinnureksturinn.

Eftirgjöf telst að fullu til tekna þar til tap ársins og yfirfært tap fyrri ára hefur verið jafnað. Af eftirgefnum næstu 50 milljónum króna telst 50% til skattskyldra tekna og af eftirgjöf umfram þær telst 75% til skattskyldra tekna. Á móti tekjufærslu er heimilt að flýtyfyrna fyrningarstofnum er ekki til að dreifa er heimilt að jafna tekjufærslu á þrjú ár.

Lögin hafa að geyma ákvæði um að ef kröfu er að öllu leyti breytt í hlutfé í skuldara vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika hans, þá telst krafan í heild vera kaupverð hlutfjárins. Ef hluta kröfu er breytt í hlutfé en hluti kröfunnar felldur niður, telst til skattskyldra tekna skuldara sama fjárhæð og kröfuhafi gjaldfærir.

Skilmálabreytingar

Lögin hafa jafnframt að geyma ákvæði um að ekki teljist fela í sér eftirgjöf skuldar, skilmálabreyting milli skuldara og lánastofnunar sem felst í því að endurgreiðsla láns miðast við íslenskar krónur í stað erlendis gjaldmiðils og uppreiknaður höfuðstóll þannig lækkadur. Þetta er þó bundið því skilyrði að breytingin sé gerð á málefnalegum forsendum og að lánskjörum sé breytt í kjör sem almennt eru í boði við samþærilegar aðstæður. Sama á við ef gerð er breyting á viðmiðunarvísitölu verðtryggðra lána eða hluti af uppreikningi höfuðstóls er felldur niður.